



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

17. nóvember 2017

Tilvísun: 2017010338

Efni: Umræðuskjal nr. 16/2017 um uppfærð viðmið og aðferðafræði vegna SREP

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 16/2017. Umræðuskjalið inniheldur drög að uppfærðum viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum. Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Markmiðið með viðmiðunum er að skilgreina og kynna aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins. Við uppfærslu skjalsins hafa verið gerðar breytingar á þeim hluta viðmiðanna sem snýr að mati Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf, og er í 3. kafla viðmiðanna að finna efni sem varðar muninn á kröfum vegna Stoðar II-R og stoðar II-G. Þá bætast við þrjú viðaukar sem innihalda viðmið Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárbörf vegna útlána- og samþjöppunaráhættu annars vegar og markaðsáhættu hins vegar. Þriðji viðaukinn skýrir frá aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins við ákvörðun um eiginfjárauka.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 8. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. skýringar á forsiðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 16/2017.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jón Þór Sturluson

Hjálmar S. Brynjólfsson